

Nd.

736. Frumvarp til laga

[24. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. maí.)

1. gr.

2. málsg. 56. gr. laganna orðist svo:

Fjölskyldubætur skulu greiddar án tillits til annarra bóta. Að öðru leyti getur enginn samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum eða lögum um atvinnuleysistryggingar. Saman mega þó fara:

- a. Bætur til ekkju eða ekkils samkv. a-lið 37. gr. og allar bætur aðrar en ekkjubætur samkv. 19. gr.
- b. Barnalífeyrir, ekkjubætur samkv. 19. gr. og dagpeningar.
- c. Barnalífeyrir, mæðralaun, ekkjubætur skv. 19. gr., örorkubætur og dagpeningar vegna brottfalls tekna af vinnu utan heimilis.
- d. Slysadagpeningar og elli- eða ekkjulífeyrir.
- e. Aðrar bætur, ef svo er fyrir mælt í lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.